



Ríkisútvarpið ohf. - Þróun fjárhags frá 2007
október 2015

1. Tekjur: útværpsgjald og forsendubrestur

2. Gjöld: þróun rekstrar

3. Skuldsetning: sundurliðun og þróun

4. Lagaumhverfi og næstu skref

1. Tekjur: útvarpsgjald og forsendubrestur

- **Fjármögnun RÚV er blönduð**, með opinberu framlagi og með auglýsingum. Þetta fyrirkomulag er algengasta fyrirkomulag fjármögnunar almannaþjónustumiðla í Evrópu.
- Systurstofnanir RÚV (Norðurlöndin+Bretland) hafa **margfalt hærri heildartekjur** og hærri opinber framlög en RÚV, sem er í 40. sæti landanna í Evrópu.
- Tekjur systurstofnanna á Norðurlöndum eru **14 – 25 sinnum** hærri en RÚV á ári hverju.
- **Hlutfall auglýsingatekna og annarra tekna** miðlanna í þessum löndum er mun lægra í þessum löndum en á Íslandi, þar sem það er rétt undir 40%.
- **Opinbert framlag til almannaþjónustumiðla á hvern íbúa** er mun lægra á Íslandi ef miðað er við Norðurlöndin og Bretland þrátt fyrir smæð þjóðarinnar.
- **Þrátt fyrir smæð þjóðarinnar miðað við systurstofnanir, eru heildartekjur RÚV pr. íbúa lægri** hjá RÚV en nágrannaþjóðunum Noregi og Bretlandi, og litlu hærri en Svíþjóðar, Finnlands og Danmerkur.


Heildartekjur ríkisfjölmiðla í nokkrum samanburðarlöndum:

Milljónir Evra


	Opinbert framlag	Aðrar tekjur	Samtals
Danmörk	497,45	63,2	560,65
Noregur	665,85	16,28	682,13
Svíþjóð	784,38	46,51	830,89
Finnland	455,04	14,08	469,12
Ísland	19,71	12,96	32,67
Bretland	5102,26	2034,13	7136,39
Írland	216,04	148,33	364,37
Þýskaland	7769,49	1261,49	9030,98

Árið 2013

Heimild: EBU - MEDIA INTELLIGENCE SERVICE (MIS) – FUNDING OF PUBLIC SERVICE MEDIA 2014




Opinbert framlag til almannaþjónustumiðla á hvern íbúa er **lægst á Íslandi** ef miðað er við Norðurlöndin og Bretland ...þrátt fyrir smæð þjóðarinnar. Og fer lækkandi.



Heimild: EBU - MEDIA INTELLIGENCE SERVICE (MIS) – FUNDING OF PUBLIC SERVICE MEDIA 2014

Heildartekjur til almannaþjónustumiðla á hvern íbúa er sambærilegt á Íslandi miðað við systurstofnanir á Norðurlöndunum og Bretlandi ...þrátt fyrir smæð þjóðarinnar.




Heimild: EBU - MEDIA INTELLIGENCE SERVICE (MIS) – FUNDING OF PUBLIC SERVICE MEDIA 2014

Margháttaður forsendubrestur hefur orðið frá stofnun RÚV ohf.

- Í fyrsta þjónustusamningi menntamálaráðuneytisins við RÚV, frá árinu 2007, stendur: „Þau markmið sem lögð eru til grundvallar í samningnum byggjast á þeirri forsendu að **tekjur RÚV lækki ekki á tímabilinu**“.

✓ **Opinberar þjónustutekjur RÚV ohf. hafa lækkað um 11% frá árinu 2007 og munu lækka enn meira vegna lagabreytinga haustið 2013. Að auki hefur verið þrengt að RÚV á auglýsingamarkaði.**




RÚV fékk ekki útvarpsgjaldið sem því bar

- Forsenda í samningnum frá 2007 var að **útvarpsgjaldið rynni óskert til RÚV** og fylgdi verðlagsþróun.

✓ Ríkið hefur tekið hluta af innheimtu útvarpsgjaldi og nýtt í önnur verkefni. Upphæðin er **2.677 milljónir** á verðlagi dagsins í dag.

✓ Útvarpsgjaldið hefur auk þess ekki fylgt verðlagsþróun.

Innheimt útvarpsgjald var nýtt í annað




Eiginfjárhlutfall of lágt frá upphafi

- Við undirbúning ohf-væðingar RÚV 2006 gaf Deloitte hf. álit á því hvert eðlilegt eiginfjárhlutfall ætti að vera. Þar segir: „**ekki væri óeðlilegt að Ríkisútvarpið hefði um 30% eiginfjárhlutfall eða jafnvel hærra þegar því verður breytt í hlutafélag.**“

✓ Þegar stofnfjárreikningi RÚV ohf. var stillt upp var ákveðið að eiginfjárhlutfall væri 15%. Margir voruðu við því að það væri of lágt hlutfall og skuldsetning félagsins væri of mikil.

✓ Á sama tíma og þjónustutekjur hafa lækkað, hafa skuldir aukist og eiginfjárhlutfall versnað.

Eiginfjárhlutfall RÚV



Dæmi um eiginfjárhlutfall 2015:

RÚV	5,5%
Íslandspóstur	47%
NRK	45,2%
BBC	11,5%

1. Tekjur: útværpsgjald og forsendubrestur

2. Gjöld: þróun rekstrar


3. Skuldsetning: sundurliðun og þróun

4. Lagaumhverfi og næstu skref


Rekstrarkostnaður RÚV hefur lækkað um 11% á tímabilinu

Þjónustutekjur RÚV hafa einnig lækkað um 11% á tímabilinu

Þróun gjalda 2007/8 - 2014/15




Þróun tekna 2007/8 - 2014/15



Fjárhagsleg endurskipulagning 2014-15 hefur borið árangur - hagræðing og viðsnúningur í rekstri RÚV

- Ný stjórn og stjórnendur RÚV hafa staðið fyrir **fjárhagslegri endurskipulagningu**.
- **Rekstrarkostnaður hefur lækkað um 4,7% að raungildi** milli rekstraráranna 2013-14 og 2014-15.
- Hluti **Útvarpshússins** hefur verið **rýmdur og leigður út**. Verðmæti leigusamnings til 15 ára er um **750 m.kr.** að núvirði.
- Unnið hefur verið að **sölu byggingarréttar** sem skilar 1,5-2 milljarða króna ávinningi.
- Mun leiða til mestu **lækkunar skulda** í sögu félagsins.




1. Tekjur: útværpsgjald og forsendubrestur

2. Gjöld: þróun rekstrar


3. Skuldsetning: sundurliðun og þróun

4. Lagaumhverfi og næstu skref

Þróun heildarskuldsetningar




Lækkun (-hækkun) skulda RÚV



Skuldsetning er enn of mikil

- þrátt fyrir grettistak í hagræðingu, útleigu og sölu eigna að undanfögnu

- Skuldapróun er neikvæð á tímabilinu 2007-2015, en jákvæður viðsnúningur hefur orðið í rekstri á síðastliðnu ári.
- Með sölu byggingarréttar hillir undir mikla skuldalækkun á næsta ári
- Þrátt fyrir sölu byggingarréttar er RÚV enn yfirskuldsett og stendur ekki undir skuldsetningu.
- Heildarskuldsetning núna: 6.634, mkr. þar af vaxtaberandi skuldir 4.980 mkr.
- Væntanleg skuldsetning eftir sölu byggingarréttar: 5.079 mkr.



1. Tekjur: útværpsgjald og forsendubrestur
2. Gjöld: þróun rekstrar
3. Skuldsetning: sundurliðun og þróun

4. Lagaumhverfi og næstu skref

Á vettvangi stjórn mála hefur verið mikil umræða, umrót og stefnuleysi undanfarinn áratug

Árið 2000

- Þegar útvarpslög nr. 53/2000 voru sett, mælti menntamálanefnd Alþingis fyrir því að endurskoða þyrfti lagaákvæði um og endurmeta hlutverk Ríkisútvarps í breyttu fjölmiðlaumhverfi. Lagði nefndin áherslu á að þeirri vinnu yrði hraðað.

Vor 2005

- Frumvarp til laga um Ríkisútvarpið sf. lagt fram á Alþingi í fyrsta sinn. Gert ráð fyrir umtalsverðum breytingum á rekstrarumhverfi og rekstrarformi Ríkisútvarpsins, afnámi afnotagjalda, breyttri stjórnun og aðskilnaði almannapjónustu og samkeppnisrekstrar. Frumvarpið náði ekki fram að ganga.

2006/2007

- Frumvarpið aftur lagt fram haustið 2006 og varð að lögum nr. 6/2007. Útvarpsgjald kom í stað afnotagjalds. Skýrt kveðið á um að tekjur Ríkisútvarpsins ohf. af útvarpsgjaldi tækju mið af því gjaldi sem raunverulega innheimtist.

Haust 2008

- Menntamálanefnd lagði fram frumvarp til breytinga á 11. gr. laga nr. 6/2007 og lagði til að útvarpsgjaldið rynni í ríkissjóð. Þetta átti að vera tímabundin ráðstöfun vegna efnahagsástands. Félagið fékk þar með ekki gjaldið eins og gert var ráð fyrir.

Á vettvangi stjórn mála hefur verið mikil umræða, umrót og stefnuleysi undanfarinn áratug

Vorið 2013

- Ný lög um Ríkisútvarpið samþykkt eftir umræðu í tvö ár á Alþingi og störf starfshópa skipaðra 2009 og 2010. Lögin mörkuðu tímamót þar sem lögbundið var að RÚV fengi til ráðstöfunar útvarpsgjald í samræmi við innheimtu þess frá og með 1. janúar 2014. Félagið tæki að sér viðbótarverkefni sem skilgreind yrðu nánar í þjónustusamningi og svigrúm til tekjuöflunar var minnkað.

Sumar 2013

- Lögunum breytt aðeins tveimur mánuðum eftir að þau voru samþykkt. Breytingarnar fólu í sér breytta skipan stjórnar félagsins.

Haust 2013

- Haustið 2013 var ákveðið með lagasetningu að draga til baka fyrri ákvörðun um að RÚV fengi útvarpsgjaldið óskert auk þess sem framlag á fjárlögum færi stíglækkandi til ársins 2016. Þrátt fyrir lækkun var bætt við margvíslegum íþyngjandi ákvæðum. Á sama tíma var þrengt að RÚV á auglýsingamarkaði.

Haust 2014

- Alþingi staðfesti lækkun útvarpsgjalds í fjárlögum þrátt fyrir ákall stjórnar og stjórnenda RÚV vegna yfirvofandi niðurskurðar.

Vorið 2015

- Menntamálaráðherra lýsir því yfir opinberlega að hann sé mótfallinn því að útvarpsgjaldið verði lækkað á ný 1. janúar 2016 og að hann muni beita sér gegn þeirri lækkun.
- Ráðherra skipar nefnd sem á að greina „[þ]róun fjárhags Ríkisútvarpsins ohf. frá stofnun félagsins 1. apríl 2007“.

Haust 2015

- Þjónustusamningur er frá 2011 og hefur ekki verið endurnýjaður þrátt fyrir ítrekað ákall stjórnenda RÚV þar um.

Menningarlegt og samfélagslegt hlutverk almannafjölmiðla (*public service*) í stafrænni framtíð

- Norrænu almannafjölmiðlarnir eiga áfram að gegna mikilvægu stuðningshlutverki fyrir lýðræðislega umræðu í samfélaginu í framtíð sem mótast af stafrænni tækni.
- Almennafjölmiðlarnir eiga áfram að tryggja almenningi á Norðurlöndum óháðan frétttaflutning og breitt úrval af frumlegu, hugvekjandi og áhugaverðu almannaþjónustuefni í háum gæðaflokki sem byggist á menningarlegum og samfélagslegum gildum Norðurlanda og styður við tungumál landanna.
- Reglugerðarrámminn utan um hlutverk almannafjölmiðla ætti að vera með þeim hætti að þeir gætu miðlað almannaþjónustuefni þannig að allur almenningur geti haft aðgang að og gagn af þeim í heimi stafrænnar fjölmiðlunar.
- Þetta á sérstaklega við um börn og ungmenni sem eru sameiginleg framtíð okkar.

Úr samþykkt norrænna mennta- og menningarmálaráðherra í maí 2015.

www.norden.org.

Hvað þarf til?

- ✓ Ljúka gerð þjónustusamnings, með tryggða fjármögnun út samningstímann.
- ✓ Falla frá frekari lækkun útvarpsgjalds (haldist í 17.800 kr.) auk verðbóta og skili sér að fullu til RÚV, eins og mennta- og menningarmálaráðherra hefur tilkynnt.
- ✓ Tekist verði á við yfirskuldsetningu (LSR-lánið). Allir menntamálaráðherrar og þingmenn allra flokka hafa talað fyrir afléttingu lífeyrissjóðsskuldbindinga Ríkisútvarpsins allt frá 2003.

Ávinningur:

- ✓ Þjónusta RÚV skerðist ekki frekar.
- ✓ Stöðugleiki og skýr sýn um hugmyndir og grundvöll fyrir almannafjölmiðlun á Íslandi.
- ✓ Bera RÚV fyrst og fremst saman við norrænar systurstöðvar, sbr. ályktun ráðherra.
- ✓ Leiðrétting á forsendubresti við ohf-væðingu.